

51 AUGLÝSING um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á
27. apríl samþykkt um meðferð skepna í kaupþúninu Vík í Mýrdal.

Samkvæmt lögum nr. 32 frá 1924, um lögreglusamþyktir í löggiltum verslunarstöðum, er hjermeð staðfest eftirfarandi

SAMÞYKKT

um

meðferð skepna í kaupþúninu Vík í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 10. september mega alifuglar (svo sem hænsn og endur) ekki ganga óhindraðir eða gæslulausir í Víkur-kaupþúni, svo að þeir geti farið í matjurtagarða, tún eða afgirtar lóðir, sem ræktaðar eru sem tún eða gróðrarstöðvar, og skulu því eigendur þeirra og aðrir þeir, er alifugla hafa, skyldir til að hafa þá í velheldum girðingum eða annari öruggri vörslu þennan tíma árs.

2. gr.

Hross mega ekki ganga laus í Víkur-kaupþúni á neinum tíma árs, en undir umsjón má hleypa út gjafahestum lausum eina klukkustund á dag, eða frá kl. 11 til 12 árdegis.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum, frá 2—100 krónum, er renna í sveitarsjóð Hvammshrepps (eða Víkurhrepps, ef kaupþúnið yrði sjerstakur hreppur).

4. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. maí 1925 og er þar með úr gildi numin samþykkt um meðferð hænsna í kaupþúninu Vík, frá 13. maí 1919.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 32 frá 4. júní 1924, er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. maí 1925.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. apríl 1925.

Jón Magnússon.

St. Gunnlaugsson.